

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir A B C – hjálparstarf, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 5. desember 1988.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir ABC–hjalparstarf.

I. KAFLI

1. gr.

ABC – hjálparstarf er sjálfseignarstofnun með heimili og varnarþing í Reykjavík.

2. gr.

A B C – hjálparstarfið er rekið á kristilegum grunni einkum með það boðorð í huga að okkur ber að elska náungann eins og okkur sjálf.

A B C – hjálparstarfið mun leita eftir samstarfi og stuðningi kristinna einstaklinga og safnaða, einnig annarra þeirra sem vilja leggja málefnum A B C – hjálparstarfs lið.

3. gr.

Tilgangur starfseminnar er að gera fólk sjálfbjarga og efla fólk í að hjálpa sér sjálft. Þótt tilgangur hjálparstarfsins sé ekki hugsaður sem neyðarhjálp þá er stofnuninni heimilt að taka slíkt að sér, sérstaklega ef það er liður í að gera þá sem slíka aðstoð fá sjálfbjarga og færa um að hjálpa sér sjálfir eftirleiðis.

4. gr.

Einn aðalþátturinn í starfsemi A B C – hjálparstarfsins er fólgin í að kenna fólki að lesa og skrifa og í fræðslustarfsemi ýmiskonar.

A B C – hjálparstarf mun leitast við að starfa í nánnum tengslum og samstarfi við landsmenn í hverju landi sem starfað er í svo framarlega sem starf það sem fyrir er í viðkomandi landi samræmist markmiðum og tilgangi A B C – hjálparstarfs.

II. KAFLI

5. gr.

Æðsta vald í málefnum stofnunarinnar er stjórn hennar.

Stjórnin skal skipuð 7 mönnum sem valdir eru af undirbúningshópi.

Stjórnarmenn eru kosnir í 2 ár í senn.

Leitast skal við að endurnýja stjórnina með því að skipta inn nýjum stjórnarmanni ekki sjaldnar en á 2ja ára fresti.

Heimilt er að endurkjósa stjórnarmeðlimi eins oft og þurfa þykir.

Meirihluta stjórnar þarf til að samþykkja nýjan mann í stjórn.

Til að víkja manni úr stjórn þarf atkvæði 5 stjórnarmeðlima.

6. gr.

Stofnfé A B C - hjálparstarfs skal vera eitthundrað og fimmtíuþúsund krónur.

7. gr.

Á stjórnarfundum ræður meirihluti atkvæða og hefur stjórnarformaður oddaatkvæði.

8. gr.

Stjórnarfundir eru lögmætir þegar 4 mæta og löglega er til þeirra boðað. Þegar sérstaklega stendur á er heimilt að skipa varamenn í stjórn að fengnum tillögum frá 4 stjórnarmönnum þótt slík ákvörðun hafi ekki verið tekin á formlegum stjórnarfundum.

Með einfaldri samþykkt getur stjórn A B C - hjálparstarfs sett varamenn af.

9. gr.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

10. gr.

Stjórnin skal halda fundargerðarbók þar sem fram skulu koma allar ályktanir, ákvarðanir og niðurstöður stjórnarinnar. Fundargerðarbókin skal vera innbundin með tölusettum síðum.

III. KAFLI

11. gr.

Samþykktum þessum verður breytt ef 5 stjórnarmenn samþykkja breytingarnar.

IV. KAFLI

12. gr.

A B C – hjálparstarfið hyggst afla fjár með því að leita eftir frjálsum framlögum og ýmis konar fjáröflunarstarfsemi.

13. gr.

Stjórn A B C – hjálparstarfsins skal tryggja að almenningur fái ávallt öruggan aðgang að upplýsingum um fjármál stofnunarinnar t.d. með útgáfu fréttabréfs.

Skylt er stofnuninni að upplýsa hvernig verðmæti sem henni hlotnast eru metin til fjár og eftir hvaða aðferðum hún flokkar útgjöld í rekstrarútgjöld og hjálparstarf.

V. KAFLI

14. gr.

Skylt er stofnuninni að halda bókhald skv. reglum þeirra bókhaldslaga sem gilda á hverjum tíma.

Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið.

15. gr.

Ársreikningar skulu vera í samræmi við almennar viðurkenndar reikningsskilavenjur á hverjum tíma.

16. gr.

Verði A B C – hjálparstarf lagt niður þarf atkvæði 5 stjórnarmeðlima til samþykpta slíkrri ákvörðun og renna þá eiga þess til annars hjálparstarfs skv. nánari ákvörðun stjórnar A B C – hjálparstarfs og ræður einfaldur meirihluti atkvæða þar um. Leita ber samþykkis ráðuneytis verði A B C – hjálparstarf lagt niður.

VI. KAFLI

17. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.